

REGLUGERÐ

um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa.

1. gr.

Hámarksábyrgð á kröfum launamanna skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, skal vera 270.000 kr. miðað við hvern mánuð. Hámarksábyrgð á kröfum skv. c-lið 5. gr. laganna skal vera 432.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, öðlast gildi 1. janúar 2005. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1004/2003, um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um menntun sjóntækjafræðinga og takmarkanir á heimild þeirra til sjónmælinga.

1. gr.

Réttur til að mæla sjón.

Sjónmæling er mæling á sjónskekkju og sjónlagi augans með og án sjónhjálpartækja.

Rétt til að mæla sjón vegna gleraugna og til að ávísa á gleraugu hafa sjóntækjafræðingar sem hafa menntun sem fullnægir kröfum um sjónmælingar og ávísun á gleraugu og fengið hafa leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Miðað skal við þriggja ára háskólánám í greininni.

Rétt til að mæla sjón vegna snertilinsa og til að ávísa á snertilinsur hafa sjóntækjafræðingar sem uppfylla skilyrði 2. mgr. auk skilyrða um menntun til slíkra mælinga. Miðað skal við 10 vikna fullt nám í snertilinsufræðum á háskólastigi.

Leyfi skv. 2. og 3. mgr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss, sem lokið hafa prófi sem veitir rétt til sjónmælinga, frá skóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið var stundað í.

Leita skal umsagnar prófessorsins í augnlækningum við Háskóla Íslands, Félags íslenskra sjóntækjafræðinga og landlæknis áður en leyfi er veitt.

Í leyfisbréfi skal koma fram réttur sjóntækjafræðings til sjónmælinga vegna gleraugna og ávísunar á gleraugu og réttur til sjónmælinga vegna snertilinsa og ávísunar á snertilinsur.

2. gr.

Staðfesting réttar til að mæla sjón.

Rétt til að mæla sjón vegna gleraugna hafa sjóntækjafræðingar sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sjóntækjafræðingsleyfi sem veitir rétt til að